

## Siglingarfélagið Knörr

Siglingarfélagið Knörr var síðast starfrækt hér í Reykjanesbæ fyrir um 10 árum síðan. Starfsemi félagsins sneri að því að kenna börnum og unglingum siglingar og voru öll námskeiðin vel sótt hjá okkur. Á námskeiðunum lærðu börnin að setja upp bátana, umgangast sjóinn, lesa vindinn, sigla á seglum eftir vindi, mikilvægustu hnútana og að sjálfsgöðu öryggisatriðin. Markmiðið var alltaf að dagskrá námskeiðanna væri fjölbreytt, þroskandi og skemmtileg en líka að nemendur læri undirstöðuatriði siglinga á seglskútum.

Siglingarfélagið á allan þann búnað sem þarf til að kenna siglingar 6 Optimist-báta, 2 Laser-báta og gæslubát (stór gúmmibátur) sem hafa verið í geymslu í öll þessi ár.



Optimist



Laser

Siglingarfélagið Knörr var virkur þáttakandi í siglingarsamfélaginu og meðlimur í Siglingarsambandi Íslands. Þar sem börn og unglingar frá Reykjanesbæ tóku þátt í siglingar keppnum.



Íslandsmót á kænum á Akureyri 2004. Knörr var með fulltrúa í Optimist flokki.

Siglingafélagið Knörr, Reykjanesbæ, er opið öllu áhugafólki um siglingar, byrjendur og lengra komna. Félagið er vettvangur fyrir allar tegundir siglinga, allt frá skemmtisiglingum og kappsiglingum á seglkænum til kayksiglinga.

Vonumst við eftir því að ný aðstaða Knarrar við smábátahöfnina geti orðið ævintýramiðstöð við sjóinn þar sem hressum og kjörkuðum krökkum gefst kostur á að finna kröftum sínum og ævintýraþrá farveg. Þar sem á sumrin verður boðið uppá siglinganámskeið fyrir börn og unglunga. Þar sem þátttakendum verði kennt að bregðast við síbreytilegum aðstæðum á sjó, siglinga á kayak og seglbátum, fylgja öryggis- og siglingareglum og umgengni um báta og búnað þeirra. Svo fylgir þessu alltaf smá fjör að hoppa í sjóinn og busla.



Vonandi verður þetta ný aðstaða Siglingarfélagsins Knarrar í Reykjanesbæ

Kænusiglingar er ört vaxandi sport hér á landi og í heiminum öllum. Það má því segja að öll betri bæjarfélög styðji við og starfrækji siglingarfélag einsog sjá má um allt landið (Akureyri, Hafnarfjörður, Sauðakrúkur, Ísafjörður, Reykjavík og fl.)